

Samþykkt um útgáfu stöðuleyfa

1. Stöðuleyfi fyrir lausafjarmuni

Sækja skal um stöðuleyfi samkvæmt byggingarreglugerð til byggingarfulltrúa Ísafjarðarbæjar ef ætlunin er að láta eftirfarandi lausafjarmuni standa lengur en tvo mánuði utan þeirra svæða sem sérstaklega eru skipulögð og ætluð til geymslu slíkra lausafjarmuna:

- Hjólhýsi (frá 1. okt. til 1. maí)
- Gámar (sem ætlaðir eru til flutninga)
- Bátar
- Torgsöluhús
- Frístundahús í smíðum, sem ætlað er til flutnings
- Stór samkomutjöld

Svo dæmi séu tekin þarf ekki að sækja um stöðuleyfi fyrir gáma á skipulögðum gámasvæðum þar sem gert er ráð fyrir geymslu þeirra, hjólhýsum á hjólhýsasvæðum eða torgsöluhúsum á svæðum fyrir slík hús sem og bátum á skipulögðum uppsátrum. Með skipulögðu svæði er átt við að gert sé ráð fyrir geymslu eða staðsetningu greindra muna í aðal- eða deiliskipulagi og/eða ef gerð er grein fyrir slíkum svæðum á lóðauppdrætti mannvirkis.

Óheimilt er samkvæmt lögum að veita stöðuleyfi til lengri tíma en 12 mánaða nema ákvæði skipulags mæli fyrir um annað.

2. Umsókn um stöðuleyfi

Eigandi lóðar, umráðandi hennar eða aðili í umboði hans, getur sótt um stöðuleyfi í gegnum rafræna þjónustugátt á heimasíðu embættisins. Í umsókn skal tilgreind umbeðin tímalengd og tilgangur stöðuleyfisins. Ef sótt er um stöðuleyfi á lóð fjöleignarhúss skal liggja fyrir samþykki eigenda í samræmi við ákvæði laga um fjöleignarhús nr. 26 frá 1994. Ekki er heimilt að staðsetja gáma við lóðarmörk eða nær lóðamörkum en sem nemur hæð munar nema með samþykki aðliggjandi lóðarhafa á uppdrátt og umsókn liggja fyrir.

Með umsókn skal að lágmarki fylgja uppdráttur, s.s. loftmynd, lóðablað eða afstöðumynd, þar sem staðsetning munar er sýnd. Nægilegt er að það sé handteiknað inn á framangreind gögn og gögnin sýni raunverulegar aðstæður.

Vakin er sérstök athygli umsækjanda á að ávallt ber að staðsetja lausafjarmuni þannig að almennt stafi ekki hætta af. Ennfremur skal þess gætt að aðgengi slökkviliðs að aðliggjandi húsum sé ekki torvelað með staðsetningu þeirra. Handhafi stöðuleyfis er ábyrgur fyrir því að ekki skapist hætta vegna lausafjarmuna.

Byggingarfulltrúa er heimilt að krefja eiganda um frekari gögn telji hann þörf á því s.s. nákvæmari uppdrætti, teikningar og rökstuðning þar að lútandi áður en umsókn er tekin til afgreiðslu. Handhafi stöðuleyfis er ábyrgur fyrir því að hreinlætisaðstaða í og við lausafjarmuni sem falla undir þessa grein

uppfylli ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, ákvæði laga um fráveitur sem og ákvæði laga, reglugerða og reglna um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum eftir því sem við á hverju sinni.

3. Stöðuleyfi eða byggingarleyfi

Öll mannvirki, samkvæmt skilgreiningu 54. tölul. 1.2.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012, eru byggingarleyfisskyld:

Mannvirki: Hvers konar jarðföst, manngerð smíð, svo sem hús og aðrar byggingar eða skýli, virkjanir, dreifi- og flutningskerfi rafveitna, hitaveitna, vatnsveitna og fjarskipta, fráveitumannvirki, umferðar- og göngubrýr í þéttbýli, stór skilti og togbrautir til fólksflutninga. Til mannvirkja teljast einnig tímabundnar og lausar byggingar sem ætlaðar eru til svefns eða daglegrar dvalar manna í fjóra mánuði eða lengur á sama stað, svo sem starfsmannabúðir og húsvagnar. Mannvirki á eða í hafi, vötnum og ám sem hafa fasta staðsetningu teljast einnig til mannvirkja samkvæmt reglugerð þessari.

Mannvirki sem falla undir framangreinda skilgreiningu eru almennt byggingarleyfisskyld sbr. 9. gr. laga um mannvirki og því ekki veitt stöðuleyfi fyrir þeim. Bent er á að einstök mannvirki geta verið undanþegin byggingarleyfi samkvæmt grein 2.3.5. í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Meðal annars er um að ræða smáhýsi, lítil hús á lóð íbúðar/frístundahúss, viðbyggingar minni en 40 fm. og smáhýsi veitna. Slíkar byggingar eru ekki lausafjármunir enda jarðföst og manngerð smíð og eru því mannvirki. Hvorki þarf því að sækja um byggingarleyfi né stöðuleyfi fyrir þeim en þau eru þó tilkynningarskyld til byggingarfulltrúa sbr. grein 2.3.6. í byggingarreglugerð nr. 112 frá 2012.

4. Gámar

Samkvæmt skilgreiningu 37. tölul. 1.2.1. gr. byggingarreglugerðar nr. 112/2012 er gámur „staðlaður geymir fyrir vöruflutninga á sjó og landi“.

Stöðuleyfi fyrir gáma utan skilgreinds gámasvæðis eru veitt ef tímabundnar aðstæður gera notkun gáms nauðsynlega s.s. viðhaldsframkvæmdir eða aðstæður við framleiðslu, þegar um er að ræða atvinnuhúsnæði. Stöðuleyfi skal að jafnaði veitt fyrir gámum á athafnalóðum enda sé tryggt að þeir verði snyrtilegir og eins lítið sýnilegir frá aðliggjandi lóðum, götum, stígum eða opnum svæðum og kostur er.

Óheimilt er að veita stöðuleyfi til þess að stafla gámum ofan á hvern annan. Óheimilt er að geyma lausafjármuni ofan á gám sem veitt hefur verið stöðuleyfi fyrir.

Ekki er veitt stöðuleyfi fyrir gám í íbúðarhverfi eða í frístundabyggð nema um leyfisskyldar byggingarframkvæmdir á lóð sé að ræða.

Að jafnaði er ekki veitt stöðuleyfi fyrir gám á lögbýlum nema um leyfisskyldar byggingarframkvæmdir á lóð sé að ræða.

5. Frístundahús í smíðum, sem ætlað er til flutnings

Sækja skal um stöðuleyfi til byggingarfulltrúa fyrir frístundahús í smíðum og ætluð eru til flutnings. Umsóknin skal vera undirrituð af eiganda eða ábyrgðarmanni frístundahússins og skal fylgja samþykki eiganda þeirrar jarðar, landspildu eða lóðar sem fyrirhugað er að frístundahúsið standi á. Með umsókn skal hönnuður skila inn aðaluppdráttum ásamt séruppdráttum af byggingunni. Við stjórn byggingarframkvæmda hvers leyfisskylds mannvirkis skal á hverjum tíma vera einn byggingarstjóri og skal eftir umfangi mannvirkjagerðarinnar og eðli hennar skrá þá iðnmeistara sem taka að sér að bera ábyrgð á einstökum verkþáttum framkvæmdar og nauðsynlegt er að komi að viðkomandi verki.

6. Leyfisskyldir lausafjármunir án stöðuleyfa

Byggingarfulltrúa er heimilt að láta fjarlægja lausafjármuni sem getið er í reglum þessum og eru án stöðuleyfis sbr. grein 2.6.2 í byggingarreglugerð. Lausafjármunur er þá hýstur á þar til gerðu geymslusvæði á kostnað eiganda eða ábyrgðarmanns. Eiganda skal veittur eðlilegur frestur til að fjarlægja lausafjármuninn eða sækja um leyfi vegna hans. Slíkur frestur skal þó aldrei vera lengri en einn mánuður. Að öðrum kosti skulu munirnir fjarlægðir og geymdir á kostnað eiganda. Liggi ekki fyrir hver á hlutinn er nægilegt að sett verði tilkynning um aðgerðir á muninn sjálfan þar sem skorað er á eiganda að fjarlægja lausaféð eða sækja um leyfi fyrir staðsetningu þess innan tiltekins tíma áður en gripið verður til þess að fjarlægja lausaféð. Sama á við ef handhafi stöðuleyfis uppfyllir ekki skilyrði stöðuleyfis eða ákvæði reglna þessara, sbr. 2.6.2. gr. reglugerðar nr. 112/2012, sbr. 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Ísafjarðarbær áskilur sér rétt til að takmarka veitt leyfi á hverja lóð af öryggisástæðum, vegna útlits og bílastæðafjölda.

Heimilt er að selja muni sem fjarlægðir hafa verið upp í kostnað við fjarlægingu og geymslu að undangenginni skriflegri viðvörðun þar um með vísan til 56. gr. laga um mannvirki nr. 160 frá 2010.

7. Gjaldtaka

Ef óskað er eftir stöðuleyfi fyrir fleiri en einn lausafjármun á sömu lóð í sömu umsókn er gert ráð fyrir að gefið sé út eitt stöðuleyfi og skal greitt fyrir eitt leyfi óháð fjölda lausafjármuna sem sótt er um leyfi fyrir. Um gjaldtöku vegna umsóknar og veitingu stöðuleyfis fer eftir gjaldskrá byggingarfulltrúa.

8. Grundvöllur samþykktar

Samþykkt þessi er sett með vísan til 51. gr. og 9. tl. 60. gr. laga um mannvirki nr. 160/2010. Einnig er vísað til byggingarreglugerðar nr. 112/2012, með síðari breytingum, einkum kafla 2.6, með síðari breytingum.